

FUNDARGERÐ

317. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 29. nóvember 2022 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HP), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Helgi Ómar Bragason (HÓB), Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri og Þorsteinn B. Ragnarsson (ÞBR) verkefnastjóri HEF.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá

- 1 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun
- 2 Lánsfjárbörf vegna fjárfestinga næstu ára
- 3 Hreinsistöð Melshorni – frumhönnun
- 4 Hitaveita í Eiða
- 5 Starfsmannamál
- 6 Yfirlit verkefna
- 7 Önnur mál
 - a. Viðskiptakröfur - firningar

1 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun

Villur leyndust í útreikningsskjali áætlunar, þar vantaði upphæð þessara verkefna:

S0010 – Endurnýjun stofnlagnar vatnsveitu Seyðisfjarðar: 20 Mkr. árið 2024

D0009 – Úrbætur í vatnsöflun fyrir Djúpavog: 25 Mkr. árið 2024 og

D9000 – Heimlagdir á Djúpavogi: 1 Mkr. á hverju ári 2023 – 2026, alls 4 Mkr.

Stjórn samþykkir uppfærða fyrirliggjandi fjárfestingaáætlun 2023 og 3ja ára áætlun 2024-2026:

Ár	2023	2024	2025	2026
Áætlun [M.kr.]	934	894	501	472

Stjórn áætlar fjárfestingu 2027-2032 að fjárhæð 400 Mkr./ár.

2 Lánsfjárbörf vegna fjárfestinga næstu ára

Stjórn áætlar lánsfjárbörf 2023-2026 miðað við fjárfestingaráætlun sama tímabils:

Ár	2023	2024	2025	2026
Áætlun [M.kr.]	600	600	200	200

3 Hreinsistöð Melshorni – frumhönnun

ÞBR kynnir fyrirliggjandi frumhönnunargögn frá ráðgjafa (Malmberg) og stöðu verkefnisins (til rýni HEF (verkkaupa)). ÞBR hefur óskað eftir rýni Eflu á gögnunum, bæði hvað varðar skilgreiningar og gæði hreinsunar og áætlun um kostnað, sem Malmberg hefur áætlað 64,4MNokkr., 945Míkr, með fyrirvara um verðlag á Íslandi á byggingarframkvæmdum. Tölur eru

án VSK. Brýn ástæða er til að fara vel yfir nýjustu kostnaðaráætlun, þar sem hún er verulega hærri en sú áætlun (verðbætt) sem unnið hefur verið með hingað til (frá 2017).

Stjórn þakkar góða yfirferð frá starfsmönnum og verður málið tekið aftur fyrir þegar frekari gögn liggja fyrir.

4 Hitaveita í Eiða

Ráðgjafi undirbýr nú heimsóknir til landeigenda og væntanlegra viðskiptavina veitunnar. Niðurstöður verðkönnunar pípuefnis í verkið munu liggja fyrir um miðjan desember. Svör hafa ekki borist frá hluta væntanlegra viðskiptavina og leggur stjórn á það áherslu að viljayfirlýsingar þeirra liggja fyrir áður en framhald verði á verkefninu.

5 Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna á skrifstofu og hann telur þörf á að bæta tímabundið við starfsmanni. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ráða inn starfsmann tímabundið.

6 Yfirlit verkefna

Verkefnastjóri (PBR) fór yfir stöðu helstu verkefna.

Egs - Sniðræsi

Ekkert hefur verið unnið í verkinu frá síðasta fundi, en fyrirhugað er að hefja vinnu við dæluögn á næstu dögum, frá Þjóðvegi 1 að lóð á Melshorni.

Egs - Votihvammur II

Allar fráveitu og neysluvatnslagnir eru komnar í jörðu. Unnið er að lagningu hitaveitu sem á að klárast um miðjan desember.

Egs - Unabyggð

Lagðar hafa verið stofnlagnir (heitt og kalt vatn ásamt gagnaveitu) í Lækjargötu í samvinnu með Rarik ásamt því að heimæð hefur verið lögð heim að Lækjargötu 10.

Djv - Útrás

Dælubrunnar eru komnar á Djúpavog. Mannvit er búið að skila af sér uppfærðum gögnum fyrir lagnavinnu ásamt því að þeir vinna að nánari útfærslu á hreinsistöðinni með Iðnver.

Djv - Eyjaland

Múlaþing er að fara í jarðvegsskipti í Eyjalandi og mun HEF nýta tækifærið og endurnýja frárennislagnir í leiðinni. Mannvit er að teikna endurnýjun lagna og stendur til að semja við SG Vélar um jarðvinnu og lagningu frárennislagna.

Bfj - Stofnlögn

Stofnlögnin er komin niður og tengd í báða enda. Ef veður verða hagstæð í vetur verður farið í að tengja heimæðar inn á hana.

Seyðisfjörður

Lítið hefur verið aðhafst á Seyðisfirði síðan Vallargöturnar kláruðust. Til stendur að endurnýja frárennsli frá Öldunni og ganga frá brunnum (hækka upp) við Lónið á næstu dögum.

7 Önnur mál

a. Viðskiptakröfur - firningar

Framkvæmdastjóri fór yfir aldursdreifingu gjaldfallinna viðskiptakrafna.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 16:40

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, _____ 2023

_____	_____
_____	_____
_____	_____